# Íslenskir aðalverktakar hf.

Árshlutareikningur samstæðu

# Janúar - Júní 2007

Íslenskir aðalverktakar hf.
Keflavíkurflugvelli
235 Keflavíkurflugvöllur
kt. 660169-2379

# Íslenskir aðalverktakar hf.

Árshlutareikningur samstæðu

# Janúar - Júní 2007

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Könnunaráritun óháðs endurskoðanda | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Yfirlit um eigið fé | 6 |
| Yfirlit sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8-17 |

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Íslenskum aðalverktökum hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samstæðuárshlutareikning Íslenskra aðalverktaka hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar
Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun
Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2007 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 30. ágúst 2007

Deloitte hf.

Benóní Torfi Eggertsson
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Árshlutareikningur Íslenskra aðalverktaka hf. fyrir tímabilið janúar - júní 2007 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og er það fyrsta árið sem félagið birtir reikningsskil sín með þeim hætti. Ársreikningar undanfarina ára hafa verið gerðir í samræmi við lög um ársreikninga á Íslandi. Áhrif upptöku alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna á eigið fé félagins eru þau að bókfært eigið fé í árslok 2006 lækkar um 74 millj. kr., sjá nánar skýringar í árshlutareikningi.

Hagnaður Íslenskra aðalverktaka hf. og dótturfélaga þess á tímabilinu janúar - júní 2007 var 228 millj.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 9.207 millj.kr., bókfært eigið fé í lok tímabilsins er kr. 2.795 millj.kr. og er eiginfjárhlutfall félagsins 30%.

Í lok tímabilsins voru tveir hluthafar í félaginu eins og í upphafi árs, þar af eru Drög ehf., með um 100% hlut.

Að áliti stjórnar og forstjóra Íslenskra aðalverktaka hf. koma fram í árshlutareikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok tímabilsins, rekstrarárangri tímabilsins og fjárhagslegri þróun á tímabilinu.

Stjórn og forstjóri Íslenskra aðalverktaka hf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið janúar - júní 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. ágúst 2007

## Í stjórn

Stefán Friðfinnsson
stjórnarformaður

Gunnar Sverrisson

Karl Þráinsson

## Forstjóri

Gunnar Sverrisson

# Rekstrarreikningur janúar-júní 2007

| | Skýr. | jan-júní 2007 | jan-júní 2006 |
|---|---|---|---|
| Tekjur verkframkvæmda | | 6.849.823 | 5.854.724 |
| Kostnaður verkframkvæmda | | (6.082.850) | (5.159.340) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (307.113) | (270.352) |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) | | 459.860 | 425.032 |
| Afskriftir | | (125.793) | (116.443) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 334.067 | 308.589 |
| Fjármunatekjur | 4 | 64.235 | 45.583 |
| Fjármagnsgjöld | 5 | (118.436) | (298.774) |
| Hagnaður fyrir skatta | | 279.866 | 55.398 |
| Tekjuskattur | 6 | (51.505) | (9.760) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | 228.361 | 45.638 |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2007

| Eignir | Skýr. | 30.06.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir og byggingarlönd | 7 | 1.438.573 | 1.281.491 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur | 8 | 48.694 | 32.056 |
| | | 1.487.268 | 1.313.547 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir og byggingarframkvæmdir | 9 | 3.318.635 | 2.186.189 |
| Viðskiptakröfur og kaupsamningar | 10 | 3.598.232 | 4.519.951 |
| Aðrar skammtímakröfur | 10 | 281.121 | 229.924 |
| Handbært fé | 10 | 521.314 | 321.809 |
| | | 7.719.301 | 7.257.874 |
| **Eignir** | | 9.206.569 | 8.571.421 |

**Eigið fé og skuldir**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 11 | | |
| Hlutafé | | 1.322.797 | 1.322.797 |
| Lögbundinn varasjóður | | 350.000 | 350.000 |
| Óráðstafað eigið fé | | 1.122.209 | 893.848 |
| Eigið fé | | 2.795.006 | 2.566.644 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 12 | 33.684 | 41.636 |
| Aðrar langtímaskuldir | 12 | 1.803.177 | 1.762.136 |
| Lífeyrisskuldbinding | 13 | 36.739 | 39.926 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 14 | 598.393 | 555.051 |
| | | 2.471.994 | 2.398.749 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 1.097.691 | 984.322 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | | 15.615 | 19.677 |
| Ógreiddir reiknaðir skattar | 6 | 12.181 | 40.038 |
| Óloknar verkframkvæmdir v/kaupsamninga | | 469.691 | 989.221 |
| Byggingarframkvæmdir tilboðsverk | | 778.610 | 641.049 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 15 | 1.565.781 | 931.720 |
| | | 3.939.569 | 3.606.027 |
| Skuldir | | 6.411.563 | 6.004.776 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 9.206.569 | 8.571.421 |

# Yfirlit yfir breytingar á eigin fé félagsins

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2006 | 1.323.297 | 350.000 | 1.189.613 | 2.862.910 |
| Upptaka alþjóðlegra staðla | | | (105.236) | (105.236) |
| Leiðrétt eigið fé 1.1.2006 | 1.323.297 | 350.000 | 1.084.377 | 2.757.674 |
| Greiddur arður | | | (950.000) | (950.000) |
| Yfirfært vegna skiptingar | (500) | | 195.737 | 195.237 |
| Hagnaður ársins 2006 | | | 563.734 | 563.734 |
| Eigið fé 31.12.2006 | 1.322.797 | 350.000 | 893.848 | 2.566.644 |
| Hagnaður janúar - júní 2007 | | | 228.361 | 228.361 |
| Eigið fé 30.06.2007 | 1.322.797 | 350.000 | 1.122.209 | 2.795.006 |

# Yfirlit um sjóðstreymi janúar-júní 2007

| | Skýr. | jan-júní 2007 | jan-júní 2006 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður tímabilsins | | 228.361 | 45.638 |
| Afskriftir | | 125.793 | 116.443 |
| Verðbætur og gengismunur langtímaskulda | | 40.467 | 161.730 |
| Söluhagnaður eigna | | (28.150) | (31.986) |
| Skuldbindingar, matsbreytingar og aðrar breytingar | | 44.787 | 10.312 |
| **Veltufé frá rekstri** | | 411.257 | 302.138 |
| Skammtímakröfur og birgðir, (hækkun) | | (177.491) | (1.170.276) |
| Skammtímaskuldir, hækkun | | 197.730 | 157.766 |
| **Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)** | | 431.497 | (710.371) |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum | | (338.428) | (246.532) |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna | | 83.702 | 91.060 |
| Keyptir eignarhlutir í tengdum félögum | | 0 | (4.390) |
| Keyptir eignarhlutir í öðrum félögum | | (16.073) | 0 |
| Markaðsverðbréf og aðrar kröfur, breyting | | (87.274) | 404.634 |
| | | (358.072) | 244.772 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir langtímaskulda | | (11.439) | (10.481) |
| Skuldir við lánastofnanir, hækkun | | 0 | 614.778 |
| Skammtímalán, hækkun (lækkun) | | 137.519 | (140.117) |
| | | 126.081 | 464.180 |
| Hækkun (lækkun) handbærs fjár | | 199.505 | (1.419) |
| Handbært fé í upphafi árs | | 321.809 | 198.148 |
| Handbært fé í lok tímabilsins | | 521.314 | 196.729 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Íslenskir aðalverktakar hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Íslenskir aðalverktakar hf. er eitt stærsta verktakafyrirtæki landsins, félagið er þátttakandi á öllum sviðum byggingaiðnaðar hvort sem um er að ræða íbúðarhúsnæði, opinberar byggingar, mannvirkjagerð, jarðvinnu eða gatnagerð, bæði hvað varðar fjármögnun og framkvæmdir. Hluti starfseminnar er á sviði eigin framkvæmda og nýsköpunar.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

Árshlutareikningur samstæðu Íslenskra aðalverktaka hf. er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal nr. 34 um árshlutareikningsskil (IAS 34) og IFRS 1, innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Þetta er fyrsti árshlutareikningur samstæðunnar sem gerður er samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og nær yfir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2007. Árshlutareikningurinn inniheldur allar nauðsynlegar upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar, en ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi.

Upplýsingar um áhrif breytinga við innleiðingu alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna á fjárhagsstöðu og afkomu samstæðunnar er að finna í skýringu nr. 18 og hefur samanburðarfjárhæðum þar sem við á verið breytt til samræmis. Framsetning árshlutareikningins breytist hins vegar ekkert fyrir utan að tveggja ára eiginfjáryfirlit er sýnt sérstaklega á bls. 6 í árshlutareikningnum.

### Nýir reikningskilastaðlar og túlkanir

Alþjóðlega reikningsskilanefndin (IASB) og alþjóðlega fastanefndin (IFRIC) hafa samþykkt nokkra staðla og túlkanir sem verða innleiddar í ársuppgjör samstæðunnar fyrir árið 2007. Ekki er gert ráð fyrir að upptaka þeirra hafi mikil áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

### Grundvöllur reikningsskilanna

Við gerð árshlutareikningsins þurfa stjórnendur í samræmi við alþjóðlega reikningsskila að gefa sér forsendur og framkvæma ýmis möt sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld ársins. Raunveruleg verðmæti kunna að vera með öðrum hætti en mat stjórnenda.

Árshlutareikningurinn er í íslenskum krónum og fjárhæðir birtar í þúsundum. Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Samstæða

Árshlutareikningur samstæðunnar tekur til árshlutareiknings móðurfélagsins og árshlutareikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningsskiladegi. Ráðandi yfirstjórn í fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra, í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilviki sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Þar sem hlutdeild minnihluta nemur óverulegum fjárhæðum er hún ekki sýnd sérstaklega í árshlutareikningnum.

Við kaup á dótturfélögum eru eignir og skuldir þeirra metnar til gangverðs á kaupdegi. Sé kaupverð hærra en hrein eign eftir slíkt mat er mismunurinn færður sem viðskiptavild. Rekstrarniðurstaða keyptra eða seldra dótturfélaga á tímabilinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Áhættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu.

### Skráning tekna

Tekjur og gjöld af verktakastarfsemi vegna samningsbundinna verkframkvæmda eru innleyst í rekstrareikningi miðað við framvindu verkframkvæmda.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

### Leigusamningar

Félagið hefur gert rekstrarleigusamninga um vélar og tæki og eru leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt árshlutareikningi. Tekjuskattshlutfall er 18%.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Tekjuskattsskuldbinding er færð vegna allra tímamismuna en reiknuð skattinneign er færð vegna tímamismunar ef líkur eru á að þeir nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á tímabilinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Áhættufjármunir og langtímakröfur

Eignarhlutir í óskráðum félögum eru eignfærðir á upphaflegu kaupverði.

Skuldabréfaeign er færð á nafnverði að teknu tilliti til verðbóta og niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

### Vörubirgðir og byggingarframkvæmdir

Vörubirgðir eru metnar við kostnaðarverði, að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Efnisbirgðir eru metnar á dagverði. Dagverð samsvarar áætluðu söluverði að frádregnum kostnaði við sölu og dreifingu.

Eigin byggingarframkvæmdir eru metnar á kostnaðarverði en byggingarframkvæmdir tilboðsverka eru metnar miðað við söluverð að teknu tilliti til framgangs þeirra.

### Viðskiptakröfur, kaupsamningar og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur, kaupsamningar og aðrar skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

## 3. Launamál

| | jan-júní 2007 | jan-júní 2006 |
|---|---|---|
| Laun | 1.535.723.665 | 1.173.114.055 |
| Launatengd gjöld | 248.929.381 | 183.497.367 |
| | 1.784.653.046 | 1.356.611.422 |
| Meðalfjöldi starfa | 608 | 549 |

Heildarlaun og þóknanir til stjórnar og stjórnenda félagsins námu 96 millj.kr. á tímabilinu janúar til júní 2007.

## 4. Fjármunatekjur

| | jan-júní 2007 | jan-júní 2006 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur | 64.235.259 | 45.583.258 |
| | 64.235.259 | 45.583.258 |

## 5. Fjármagnsgjöld

| | jan-júní 2007 | jan-júní 2006 |
|---|---|---|
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur | (118.436.438) | (298.773.858) |
| | (118.436.438) | (298.773.858) |

## 6. Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 52 millj.kr. Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2008 nemur 8 millj.kr.

| **Útleiðsla á virku skatthlutfalli:** | jan-júní 2007 | | jan-júní 2006 | |
|---|---|---|---|---|
| | Fjárhæð | % | Fjárhæð | % |
| Hagnaður fyrir skatta | 279.866.121 | | 55.398.018 | |
| Skatthlutfall, 18% | 50.375.902 | 18,0% | 9.971.643 | 18,0% |
| Aðrir liðir | 1.129.071 | 0,4% | (211.948) | -0,4% |
| Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi | 51.504.973 | 18,4% | 9.759.695 | 17,6% |

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Fasteignir og byggingarlönd | Vinnuvélar og tæki | Aðrir rekstrar-fjármunir | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 299.174.989 | 2.485.998.377 | 179.590.655 | 2.964.764.021 |
| Eignfært á tímabilinu | 22.400.000 | 306.188.294 | 9.839.300 | 338.427.594 |
| Selt á tímabilinu | 0 | (112.971.771) | 0 | (112.971.771) |
| Staða í lok tímabilsins | 321.574.989 | 2.679.214.900 | 189.429.955 | 3.190.219.844 |
| **Afskriftir** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 126.946.359 | 1.420.264.223 | 136.062.604 | 1.683.273.186 |
| Afskrift tímabilsins | 4.389.813 | 116.532.262 | 4.870.431 | 125.792.506 |
| Selt á tímabilinu | 0 | (57.419.112) | 0 | (57.419.112) |
| Staða í lok tímabilsins | 131.336.172 | 1.479.377.373 | 140.933.035 | 1.751.646.580 |
| **Bókfært verð** | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 172.228.630 | 1.065.734.154 | 43.528.051 | 1.281.490.835 |
| Bókfært verð í lok tímabilsins | 190.238.817 | 1.199.837.527 | 48.496.920 | 1.438.573.264 |
| Afskriftarhlutföll | 0-6% | 10-33% | 15-25% | |

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir (framhald)

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins greinist þannig 1. janúar 2007:

| | Fasteignamat | Vátrygginga-mat |
|---|---|---|
| Fasteignir og lóðir án byggingarlanda | 80.576.000 | 145.184.000 |
| Vélar og tæki, eignatryggingar | | 1.351.340.585 |
| Verktakatrygging | | 25.335.981.000 |

## 8. Áhættufjármunir og langtímakröfur

| | 30.06.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|
| Eignarhlutar í öðrum félögum | 35.808.176 | 19.485.630 |
| Skuldabréfaeign | 12.886.296 | 12.570.748 |
| | 48.694.472 | 32.056.378 |

## 9. Vörubirgðir og byggingaframkvæmdir

| | 30.06.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|
| Efnis- og vörubirgðir | 76.587.716 | 48.479.508 |
| Eigin byggingarframkvæmdir | 2.609.594.998 | 1.741.012.761 |
| Byggingarframkvæmdir, tilboðsverk | 632.451.855 | 396.696.937 |
| | 3.318.634.569 | 2.186.189.206 |

## 10. Aðrar peningalegar eignir

**Viðskiptakröfur og kaupsamningar**

| | 30.06.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur vegna kaupsamninga | 1.298.593.557 | 1.252.106.186 |
| Viðskiptakröfur á tengd félög | 1.088.462.039 | 1.337.162.039 |
| Aðrar viðskiptakröfur | 1.351.176.098 | 2.065.683.242 |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | (140.000.000) | (135.000.000) |
| | 3.598.231.694 | 4.519.951.467 |

**Aðrar skammtímakröfur**

| | 30.06.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|
| Kröfur á tengd félög | 177.110.872 | 162.794.613 |
| Virðisaukaskattur | 104.009.828 | 67.128.903 |
| | 281.120.700 | 229.923.516 |

**Handbært fé**

| | 30.06.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|
| Bankainnistæður og verðbréf í íslenskum krónum | 510.454.153 | 314.032.172 |
| Bankainnistæður í erlendri mynt | 10.859.559 | 7.777.172 |
| | 521.313.712 | 321.809.344 |

## 11. Eigið fé

Hlutafé greinist þannig:

| | Hlutir | Hlutfall | Fjárhæð |
|---|---|---|---|
| Heildarhlutafé í lok tímabilsins | 1.322.796.624 | 94,55% | 1.322.796.624 |
| Eigin hlutir í lok tímabilsins | 76.203.376 | 5,45% | 76.203.376 |
| | 1.399.000.000 | 100,00% | 1.399.000.000 |

Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2006 | 1.323.296.624 | 350.000.000 | 1.189.613.294 | 2.862.909.918 |
| Upptaka alþjóðlegra staðla | | | (105.236.190) | (105.236.190) |
| Leiðrétt eigið fé 1.1.2006 | 1.323.296.624 | 350.000.000 | 1.084.377.104 | 2.757.673.728 |
| Greiddur arður | | | (950.000.000) | (950.000.000) |
| Yfirfært vegna skiptingar | (500.000) | | 195.737.106 | 195.237.106 |
| Hagnaður ársins 2006 | | | 563.733.562 | 563.733.562 |
| Eigið fé 31.12.2006 | 1.322.796.624 | 350.000.000 | 893.847.772 | 2.566.644.396 |
| Hagnaður janúar - júní 2007 | | | 228.361.148 | 228.361.148 |
| Eigið fé 30.06.2007 | 1.322.796.624 | 350.000.000 | 1.122.208.920 | 2.795.005.544 |

## 12. Langtímaskuldir

| | Aðrar langtímaskuldir | | Skuldir við lánastofnanir | |
|---|---|---|---|---|
| | 30.06.2007 | 31.12.2006 | 30.06.2007 | 31.12.2006 |
| Skuldir í EUR | 0 | 0 | 7.172.241 | 10.768.206 |
| Skuldir í GBP | 0 | 0 | 627.542 | 1.043.802 |
| Skuldir í USD | 0 | 0 | 2.568.081 | 3.879.093 |
| Skuldir í ISK | 1.803.177.405 | 1.762.135.922 | 38.931.323 | 45.621.560 |
| | 1.803.177.405 | 1.762.135.922 | 49.299.187 | 61.312.661 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 0 | 0 | (15.614.929) | (19.676.873) |
| Langtímaskuldir í lok tímabilsins | 1.803.177.405 | 1.762.135.922 | 33.684.258 | 41.635.788 |

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

| | Aðrar langtímaskuldir | Skuldir við lánastofnanir | Samtals |
|---|---|---|---|
| Afborganir júlí 2007 - júní 2008 | 0 | 15.614.929 | 15.614.929 |
| Afborganir júlí 2008 - júní 2009 | 1.803.177.405 | 11.740.613 | 1.814.918.018 |
| Afborganir júlí 2009 - júní 2010 | 0 | 17.439.677 | 17.439.677 |
| Afborganir júlí 2010 - júní 2011 | 0 | 3.002.646 | 3.002.646 |
| Afborganir júlí 2011 - júní 2012 | 0 | 1.501.322 | 1.501.322 |
| Afborganir síðar | 0 | 0 | 0 |
| | 1.803.177.405 | 49.299.187 | 1.852.476.592 |

## 13. Lífeyrisskuldbinding

Á samstæðunni hvílir skuldbinding vegna eftirlauna. Skuldbindingin nemur 36,7 millj. kr. samkvæmt tryggingafræðilegu mati og miðast útreikningurinn við 3% ávöxtun umfram launahækkanir. Lækkun skuldbindingarinnar á tímabilinu 3.187 þús.kr. er færð til tekna í rekstrarreikningi meðal launa og tengdra gjalda.

## 14. Frestaður skattur

| | Tekjuskatts-skuldbinding |
|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 555.051.027 |
| Reiknaður tekjuskattur vegna janúar-júní 2007 | 51.504.973 |
| Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2008 | (8.163.213) |
| Staða í lok tímabilsins | 598.392.787 |

**Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:**

| | |
|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 117.850.962 |
| Verkframkvæmdir | 347.122.010 |
| Eignarhlutar í félögum og markaðsverðbréf (niðurfærsla og frestun) | 141.950.696 |
| Aðrir liðir | (8.530.881) |
| | 598.392.787 |

## 15. Aðrar skammtímaskuldir

**Aðrar skammtímaskuldir**

| | 30.06.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|
| Skuldir við tengd félög | 964.103.726 | 238.471.987 |
| Aðrar skuldir: virðisaukaskattur, fjármagnstekjusk., launakostnaður o.fl. | 601.677.497 | 693.248.312 |
| | 1.565.781.223 | 931.720.299 |

**Næsta árs afborganir langtímaskulda**

| | 30.06.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 15.614.929 | 19.676.873 |
| | 15.614.929 | 19.676.873 |

## 16. Veðsetningar, ábyrgðir og önnur mál

Auk eigin verkábyrgða sem voru að að fjárhæð 935 millj. kr. í ársbyrjun 2007 hefur samstæðan gert verksamninga og samninga um sölu húsnæðis við ýmsa aðila sem samstæðan er skuldbundin til að ljúka. Samstæðan er í ábyrgðum vegna sölu fasteignaverðbréfa og skuldabréfa sem leiðir af starfsemi hennar. Samstæðan ber ábyrgð á skuldum viðtökufélaganna Blikastaða ehf. og Ármannsfells ehf. í samræmi við 133. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

## 17. Sameignarfélög

Á árinu 2003 stofnaði félagið ósjálfstæðan skattaðila Fosskraft sf. ásamt Hochtief Construction AG og E.Pihl & Sön A.S. - Ístak hf. JV. Eignarhlutur Íslenskra aðalverktaka hf. er 15% og er hlutdeild félagsins í tekjum, gjöldum, eignum og skuldum færð í árshlutareikninginn. Verkefni Fosskrafts JV er að byggja stöðvarhús Kárahnjúkavirkjunar fyrir Landsvirkjun, merkt KAR-15. Upphaf verktíma er 26. ágúst 2003 en áætluð verklok eru 1. nóvember 2007.

## 18. Skýring vegna innleiðingar IFRS

Þetta er fyrsta árið sem félagið færir reikningskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Í samræmi við fyrirmæli IFRS 1 þá er hér að neðan skýring vegna innleiðingar IFRS. Síðustu reikningsskil félagsins sem voru gerð í samræmi við íslensk ársreikningalög voru fyrir árið 2006. Upptökudagur (transition date) miðast við 1. janúar 2006.

Áhrif upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla á reikningsskil samstæðunnar eru þau að yfirverð sem myndaðist við kaup félagsins á félögum á árinu 1999 sem sameinuðust móðurfélaginu í ársbyrjun 2000, stenst ekki virðisrýrnunarpróf og eru því eftirstöðvar yfirverðsins í árslok 2005 færðar til lækkunar á eigin fé sbr. eiginfjáryfirlit á bls. 6 í árshlutareikningnum. Yfirverðið var áður afskrifað í reikningsskilum félagsins og er afskrift yfirverðsins í rekstarreikningi janúar - júní 2006 bakfærð. Tekjuskattsáhrif eru engin þar sem yfirverðið var ekki meðhöndlað í reikningsskilum félagsins sem skattaleg stærð.

Áhrif innleiðingar IFRS á eigið fé félagsins á upptökudegi, 1.1.2006 (í þús. króna)

| | Fyrri reikningsskil | Áhrif upptöku IFRS | IFRS |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir og byggingarlönd | 2.966.895 | 0 | 2.966.895 |
| Óefnislegar eignir | 105.236 | (105.236) | 0 |
| Áhættufé og langtímakröfur | 20.073 | 0 | 20.073 |
| | 3.092.204 | (105.236) | 2.986.968 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir og byggingarframkvæmdir | 1.521.416 | 0 | 1.521.416 |
| Viðskiptakröfur og kaupsamningar | 3.328.616 | 0 | 3.328.616 |
| Aðrar skammtímakröfur | 75.374 | 0 | 75.374 |
| Markaðsverðbréf | 440.056 | 0 | 440.056 |
| Handbært fé | 198.148 | 0 | 198.148 |
| | 5.563.610 | 0 | 5.563.610 |
| **Eignir** | 8.655.814 | (105.236) | 8.550.578 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | 1.323.297 | 0 | 1.323.297 |
| Lögbundinn varasjóður | 350.000 | 0 | 350.000 |
| Óráðstafað eigið fé | 1.189.613 | (105.236) | 1.084.377 |
| | 2.862.910 | (105.236) | 2.757.674 |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 55.431 | 0 | 55.431 |
| Aðrar langtímaskuldir | 1.647.617 | 0 | 1.647.617 |
| Lífeyrisskuldbinding | 36.736 | 0 | 36.736 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 475.714 | 0 | 475.714 |
| Viðskiptaskuldir | 870.197 | 0 | 870.197 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 1.339.276 | 0 | 1.339.276 |
| Ógreiddir reiknaðir skattar | 87.349 | 0 | 87.349 |
| Óloknar verkframkvæmdir v/kaupsamninga | 355.557 | 0 | 355.557 |
| Byggingarframkvæmdir tilboðsverk | 99.743 | 0 | 99.743 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 825.284 | 0 | 825.284 |
| | 5.792.904 | 0 | 5.792.904 |
| **Eigið fé og skuldir** | 8.655.814 | (105.236) | 8.550.578 |

## 18. Skýring vegna innleiðingar IFRS (framhald)

Áhrif innleiðingar IFRS á eigið fé félagsins 30.6.2006 (í þús. króna)

| | Fyrri reikningsskil | Áhrif upptöku IFRS | IFRS |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir og byggingarlönd | 3.038.876 | 0 | 3.038.876 |
| Óefnislegar eignir | 89.558 | (89.558) | 0 |
| Áhættufé og langtímakröfur | 25.904 | 0 | 25.904 |
| | 3.154.338 | (89.558) | 3.064.780 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir og byggingarframkvæmdir | 2.538.578 | 0 | 2.538.578 |
| Viðskiptakröfur og kaupsamningar | 3.495.308 | 0 | 3.495.308 |
| Aðrar skammtímakröfur | 65.372 | 0 | 65.372 |
| Markaðsverðbréf | 0 | 0 | 0 |
| Handbært fé | 196.729 | 0 | 196.729 |
| | 6.295.987 | 0 | 6.295.987 |
| **Eignir** | 9.450.325 | (89.558) | 9.360.767 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | 1.323.297 | 0 | 1.323.297 |
| Lögbundinn varasjóður | 350.000 | 0 | 350.000 |
| Óráðstafað eigið fé | 1.219.574 | (89.558) | 1.130.016 |
| | 2.892.871 | (89.558) | 2.803.313 |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 46.859 | 0 | 46.859 |
| Aðrar langtímaskuldir | 1.733.672 | 0 | 1.733.672 |
| Lífeyrisskuldbinding | 37.515 | 0 | 37.515 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 474.457 | 0 | 474.457 |
| Skuldir við lánastofnanir | 616.240 | 0 | 616.240 |
| Viðskiptaskuldir | 1.152.970 | 0 | 1.152.970 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 1.413.042 | 0 | 1.413.042 |
| Ógreiddir reiknaðir skattar | 14.408 | 0 | 14.408 |
| Óloknar verkframkvæmdir v/kaupsamninga | 31.048 | 0 | 31.048 |
| Byggingarframkvæmdir tilboðsverk | 160.699 | 0 | 160.699 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 876.544 | 0 | 876.544 |
| | 6.557.454 | 0 | 6.557.454 |
| **Eigið fé og skuldir** | 9.450.325 | (89.558) | 9.360.767 |

## 18. Skýring vegna innleiðingar IFRS (framhald)

Áhrif innleiðingar IFRS á afkomu félagsins janúar - júní 2006 (í þús. króna)

| | Fyrri reikningsskil | Áhrif upptöku IFRS | IFRS |
|---|---|---|---|
| Tekjur verkframkvæmda | 5.854.724 | 0 | 5.854.724 |
| Kostnaður verkframkvæmda | (5.159.340) | 0 | (5.159.340) |
| Annar rekstrarkostnaður | (270.352) | 0 | (270.352) |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) | 425.032 | 0 | 425.032 |
| Afskriftir | (132.121) | 15.678 | (116.443) |
| Rekstrarhagnaður | 292.911 | 15.678 | 308.589 |
| Fjármunatekjur | 45.583 | 0 | 45.583 |
| Fjármagnsgjöld | (298.774) | 0 | (298.774) |
| Hagnaður fyrir skatta | 39.720 | 15.678 | 55.398 |
| Tekjuskattur | (9.760) | 0 | (9.760) |
| Hagnaður tímabilsins | 29.960 | 15.678 | 45.638 |

## 19. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 30. ágúst 2007.

## 20. Sjóðstreymisyfirlit (í þús. kr.)

| **Óbein aðferð** | 2007 jan-júní | 2006 jan-júní | 2005 jan-júní | 2004 jan-júní | 2003 jan-júní |
|---|---|---|---|---|---|
| Hagnaður tímabilsins | 228.361 | 45.638 | 299.214 | 213.542 | 80.256 |
| Afskriftir | 125.793 | 116.443 | 141.580 | 128.381 | 185.712 |
| Reiknaðir fjármagnsliðir | 40.467 | 161.730 | 40.607 | 68.153 | (3.469) |
| Aðrar breytingar | 16.637 | (21.673) | 61.304 | (26.426) | (8.491) |
| **Veltufé frá rekstri** | 411.257 | 302.138 | 542.705 | 383.650 | 254.008 |
| Breyting á: | | | | | |
| Rekstrartengdum eignum | (177.491) | (1.170.276) | (1.896.192) | (86.658) | 1.696.519 |
| Rekstrartengdum skuldum | 197.729 | 157.766 | 1.080.391 | 305.979 | (192.381) |
| **Handbært fé frá rekstri** | 431.496 | (710.372) | (273.097) | 602.971 | 1.758.146 |